



GRINDAVÍKURBÆR

Áherslur af hálfu bæjarstjórnar Grindavíkur

Umsögn um frumvarp til laga

um kaup á íbúðarhúsnæði í Grindavík, 704. mál

Almennt

Bæjarstjórn fagnar því að frumvarp til laga um uppkaup á íbúðarhúsnæði í Grindavík er komið fram. Bæjarstjórn styður markmið frumvarpsins og fyrirhuguð kaup ríkisins á íbúðarhúsnæðum bæjarbúa í Grindavík enda veitir það íbúum bæjarins frelsi til að taka ákvörðun um eigin framtíð, hvort sem ákvörðunin sé til skemmri eða lengri tíma. Við umfjöllun um frumvarpið á Alþingi þarf þó að gefa meiri gaum hagsmunum þeirra sem hyggjast áfram eiga íbúðir í Grindavík og hafa trú á því að skilyrði til búsetu og atvinnu í bænum muni batna fljótt.

Í samráðsgátt hafa borist meira en 300 umsagnir um málið sem undirstrikar mikilvægi málsins fyrir íbúa Grindavíkur. Jafnframt endurspeglar umsagnir að aðstæður Grindvíkinga eru ólíkar og að í mörgum tilvikum er aleiga bæjarbúa bundin í íbúðarhúsnæði þeirra. Einnig þarf að hafa í huga að íbúar eru bæði í óvissu um framtíð bæjarfélagsins og um eigin framtíð.

Bæjarstjórn hvetur ríkisstjórnina og Alþingi til þess að hlusta á raddir íbúa Grindavíkur og að tekið verði tillit til þeirra athugasemda sem komið hefur verið á framfæri í gegnum samráðsgáttina. Frumvarp sem lagt hefur verið fram á Alþingi er unnið í miklum flýti. Alþingi þarf að gefa sér tíma til að fara vel yfir ábendingar í umsögnum um öll helstu álitæfni í frumvarpinu, svo sem varðandi gildissvið, kaupverð, heimild til veðflutnings áhvílandi lána á nýja fasteign og tímafresti varðandi uppkaup og forgangsrétt. Bæjarstjórn leggur engu að síður áherslu á að vinnu við frumvarpið verði hraðað þannig að uppkaup geti hafist sem fyrst.

Lög um uppkaup á íbúðarhúsnæði Grindvíkinga þurfa að vera þannig úr garði gerð að þau veiti íbúum nægilegt svigrúm til þess að taka upplýsta ákvörðun um hvort þeir vilji selja íbúðir sínar. Einnig þarf umgjörð um forgangsrétt íbúa að eignum sínum að verða mun skýrari en fram kemur í frumvarpinu.

Gildissvið

Í umsögnum í samráðsgátt er bent á fjölmörg dæmi um að rétturinn til uppkaupa sé of þröngt skilgreindur. Verði frumvarpið óbreytt að lögum myndi það í of mörgum tilvikum leiða til ósanngjarnrar niðurstöðu fyrir fasteignaeigendur í Grindavík. Bæjarstjórn áréttar mikilvægi þess að gætt verði jafnræðis og meðalhófs við afmörkun á gildissviði frumvarpsins.



GRINDAVÍKURBÆR

Bæjarstjórn telur mikilvægt að löggjafinn taki endanlega afstöðu til þess hvort eðlilegra væri að gildissvið laganna tæki til alls íbúðarhúsnæðis í Grindavík óháð eignarhaldi. Í umsögnum í samráðsgátt er bent á fjölmörg málefnaleg sjónarmið fyrir því að beita frekar víðari nálgun, svo sem að:

- ✓ Löggjöf gerir almennt ekki greinarmun á réttindum og skyldum eigenda íbúðarhúsnæðis, nema varðandi vaxtabætur. Atriði sem snúa að skattlagningu, greiðslu trygginga, þ.m.t. vegna brunabót mats, og tryggingavernd af hálfu Náttúrhamfaratryggingar Íslands eru sambærileg. Þá gera lög um ofanflóðavarnir ekki greinarmun á íbúðarhúsnæði eftir eignarhaldi þegar kemur að uppkaupum á hættusvæðum.
- ✓ Eflaust eiga eftir að koma upp ýmis túlkunatriði við framkvæmd laganna en æskilegt er að sjá sem flest þeirra fyrir. Sem dæmi má nefna álitamál um hvort uppkaup taki til allra eigna á íbúðarhúsalóð, þ.m.t. stakstæðra bílskúra. Einnig má nefna hugsanleg álitamál sem snúa að fjöleignarhúsum og eignum í óskiptri sameign, þegar t.d. einn eigandi vill ekki selja sinn eignarhlut. Æskilegt væri að í frumvarpstexta og nefndaráliti efnahags- og viðskiptanefndar komi fram hvernig tekið verði á slíkum álitamálum, eftir því sem unnt er, eftir atvikum með vísun í meginreglur og orðskýringar í öðrum lögum.¹
- ✓ Í grunninn hefur allt íbúðarhúsnæði sama tilgang. Kallað hefur verið eftir húsnæðisuppbyggingu fyrir leigumarkað. Uppkaup slíks húsnæðis myndu einnig minnka óvissu eigenda slíkra eigna, þar á meðal óhagnaðardrifinna húsnæðisfélaga, almannahagsmunafélaga o.fl. Sérstök ástæða er til að skoða réttarstöðu búseturéttarhafa, eins og rakið er í skýringum við frumvarpið, en eðlilegra væri að uppkaup nái einnig til íbúðarhúsnæðis húsnæðissamvinnufélaga.
- ✓ Töluverð hættu er á bakslagi varðandi húsnæðisuppbyggingu fyrir almennan leigumarkað ef svo afdráttarlaus mismunur yrði gerður á stöðu eignarhalds íbúðarhúsnæðis til leigu eða einkanota. Á sama tíma er í Hvítbók um húsnæðismál lögð áhersla á að óhagnaðardrifin húsnæðisfélög hafi mikilvægu hlutverki að gegna við að auka framboð á hagkvæmu leiguhúsnæði, til að stuðla að húsnæðisöryggi og vali um fjölbreytta búsetukosti.

¹ Sem dæmi um skýra hugtakanotkun má nefnda 4. gr. laga um fjöleignarhús nr. 26/1994: Séreign samkvæmt lögum þessum er afmarkaður hluti af húsi eða lóð eins og honum er lýst í þinglýstri eignaskiptayfirlýsingu, skiptasamningi og/eða öðrum þinglýstum heimildum um húsið, ásamt því sem honum fylgir sérstaklega hvort heldur er húsrými í húsinu sjálfu, bílskúr á lóð þess eða sameiginlegri lóð margra húsa, lóðarhluti, búnaður eða annað samkvæmt sömu heimildum, ákvæðum laga þessara eða eðli máls. Einnig má minna á 22.-24. gr. laga um fasteignakaup nr. 40/2002, varðandi hugtakið fylgifié með fasteign.



GRINDAVÍKURBÆR

- ✓ Tilefni er til þess að löggjafinn gaumgæfi hver sé munur á heildarfjárútlátum skv. frumvarpinu ef það næði til alls íbúðarhúsnæðis. Ljóst er að slík nálgun myndi minnka verulega líkur á réttarágreiningi um efni frumvarpsins.

Bæjarstjórn væntir þess að gildissvið frumvarpsins verði útvíkkað áður en það verður að lögum, að teknu tilliti til fram kominna ábendinga.

Annar stuðningur en uppkaup

Í umsögnum er bent á allmörg atriði sem gætu auðveldað íbúum Grindavíkur að öðlast íbúðarhúsnæði við hæfi, til eignar eða leigu. Sem dæmi um slík atriði vill bæjarstjórn m.a. benda á eftirfarandi:

- ✓ Hugað verði sérstaklega að úrræðum sem bjóðast Grindvíkingum hjá lánastofnunum og ríkinu á næstu vikum og mánuðum. Vegna uppkaupa ríkisins á fasteignum Grindvíkinga þurfa bæjarbúar nú að fara taka ný lán með tilheyrandi kostnaði, m.a. greiða lántöku- og stimpilgjöld og kostnað vegna greiðslumats. Mikilvægt er að lágmarka allan þann kostnað sem íbúar Grindavíkur verða fyrir vegna kaupa á nýrri fasteign.
- ✓ Að mati bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar er sanngjarnast að afnema og/eða fella niður allan auka kostnað vegna fasteignaviðskiptanna þar sem það var enginn sem kaus sér það að vera í þessum aðstæðum. Að ekki verði um að ræða umsýslukostnað, uppgreiðslugjald né aðrar íþyngjandi kvaðir á fasteignaeigendur í tengslum við uppkaupin.
- ✓ Undanþága verði veitt á greiðslubyrðarhlutfalli Seðlabanka Íslands þannig að afborgun af láni megi ná 40% af ráðstöfunartekjum í stað 35%, rétt eins og gildir fyrir fyrstu kaupendur. Slíkt myndi létta af áhyggjum Grindvíkinga og hleypa fleirum í gegnum greiðslumat.
- ✓ Undanþága verði gerð sem heimili þeim sem eru með hlutdeildarlán að taka slíkt lán aftur.
- ✓ Að flýtt verði ákvörðunum um byggingu einingarhúsa til að auka framboð hagkvæms húsnæðis. Þetta átak þyrfti að beinast sérstaklega að svæðum þar sem Grindvíkingar hafa mestan áhuga á að búa og starfa.
- ✓ Að í boði verði stuðningur til að flytja íbúðarhúsnæði frá Grindavík ef það er talið framkvæmanlegt og fjárhagslega hagkvæmt. Slíkur stuðningur myndi lækka kostnað ríkissjóðs við uppkaup og á sama hátt myndi viðkomandi eigandi þá hafa aðgang að langtímalausn og ekki taka húsnæði frá öðrum sem þurfa á því að halda.
- ✓ Að tekjumörk samkvæmt lögum um almennar íbúðir verði rýmkuð í tilviki einstaklinga og fjölskyldna sem þurft hafa að yfirgefa heimili sín vegna náttúruhamfara.
- ✓ Einnig er mikilvægt að aðstoða Grindvíkinga sem vilja ekki fara í uppkaup heldur eiga sitt húsnæði áfram. Tryggja þarf þeim eðlilegt aðgengi að



GRINDAVÍKURBÆR

húsnæðinu til að koma í veg fyrir skemmdir o.fl. Einnig gætu þessir einstaklingar þurft á leigustyrkjum að halda svo dæmi sé nefnt meðan beðið er eftir því að hægt sé að taka upp búsetu í Grindavík aftur.

Jafnframt leggur bæjarstjórn áherslu á nauðsyn þess að styðja við fyrirtæki í Grindavík. Ótryggt ástand innviða og takmarkanir á að dvelja og starfa í Grindavík eru helstu ástæður þess að við núverandi aðstæður er ekki mögulegt að stunda atvinnustarfsemi í Grindavík. Engin fyrirtæki þola slíkt ástand til lengdar. Uppkaup á atvinnuhúsnæði kann því að vera nauðsynleg aðgerð til að gera fyrirtækjum mögulegt að halda áfram starfsemi.

Viðmiðunarverð við uppkaup

Varðandi kaupverðið hlýtur grundvallarsjónarmiðið að vera að bæta húsnæði miðað við raunverð húsnæðis.

- ✓ Bæjarstjórn hvetur alla fasteignaeigendur til þess að yfirfara brunabótamat og leita eftir leiðréttingu ef ástæða er til að ætla að brunabótamat endurspegli ekki núverandi ástand húsnæðisins. Jafnframt ætti að skoða að ef viðbótarbrunatrygging er til staðar sé hún lögð til grundvallar við uppkaup.
- ✓ Bæjarstjórn leggur áherslu á að íbúðaeigendur verði jafnsettir, óháð því hvort uppgjör á íbúðarhúsnæði miðast við uppkaupsverð skv. frumvarpinu eða tjonabætur á grundvelli laga um Náttúruhamfaratryggingu Íslands. Bæjarstjórn fagnar þeim breytingum sem gerðar hafa verið á frumvarpinu hvað þetta varðar.
- ✓ Löggjafinn þarf að vera meðvitaður um að brunabótamat er í sumum tilvikum lægra en bæði fasteignamat og markaðsverð húsnæðis. Áður en frumvarpið verður að lögum þarf Alþingi að leita leiða til að bregðast við slíkum tilvikum þannig að allir íbúðaeigendur fái sanngjarnt verð fyrir sínar eignir.

Bæjarstjórn minnir á að íbúðaverð í Grindavík hefur verið tiltölulega lágt en stærð íbúða og hlutfall sérbyla er tiltölulega hærra en í nærliggjandi sveitarfélögum. Mikilvægt er að uppkaupsverð stuðli að því að Grindvíkingum verði gert kleift að koma sér upp sambærilegu húsnæði og að þeir upplifi húsnæðisöryggi að nýju sem allra fyrst.

Forgangsréttur og frestir

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að eigendur íbúðarhúsnæðis innan þéttbýlismarka í Grindavík hafi frest til 1. júlí 2024 til að óska eftir að eignaumsýslufélag í eigu ríkisins kaupi húsnæði þeirra.

Að mati bæjarstjórnar er þessi tími sem íbúar fá til umhugsunar of knappur. Íbúar eru að taka ákvörðun um framtíð sína og hafa ýmsir utanaðkomandi þættir áhrif á slíka ákvörðun, m.a. hvernig forgangsrétti verði hagað, hvernig viðveru þeirra bæjarbúa sem kjósa að selja ekki fasteign sína verður háttað í bænum næstu mánuði og/eða árin og hvernig viðhaldi og umsjón með fasteignum verður sinnt á



GRINDAVÍKURBÆR

svæðinu næstu ár. Að mati bæjarstjórnar geta þröng tímamörk orðið til þess að fleiri en færri selji fasteignina sína af ótta við að festast inni með eign sína.

- ✓ Hvergi í lögnum er kveðið á um hvernig farið verði með afgreiðslu umsókna um kaup ríkisins á fasteignum Grindvíkinga. Mikilvægt er að ráðherra birti upplýsingar um hvenær íbúum verði gert kleift að sækja um og hversu langan tíma taki að afgreiða umsóknir þeirra.
- ✓ Mikilvægt er að umsóknir verði afgreiddar jafnóðum þannig að uppkaup eigi sér stað hratt og örugglega eftir að beiðni berst. Margir eru í tímabundnum húsnæðisúrræðum og vilja komast inn í öruggt skjól sem fyrst.
- ✓ Koma ætti skýrar fram í frumvarpstexta að forgangsréttur getur innifalið kauprétt, forkaupsrétt og/eða leigurétt seljenda, sem semja skal um ef eigendur fara þess á leit.²
- ✓ Í umsögnum er kallað eftir skýrari lagaákvæðum og meiri fyrirsjáanleika um hvernig forgangsréttur virkist. Bæjarstjórn tekur undir að þörf er á skýrari reglum um forgangsrétt.
- ✓ Af orðalagi greinargerðarinnar er ekki skýrt hvenær seljendur geti óskað eftir því að kaupa íbúðina sína aftur eða hvort forgangsrétturinn sé bundinn við áform ríkisins um ráðstöfun eigna. Að mati bæjarstjórnar er mikilvægt að salan sé á forræði bæjarbúa og að bæjarbúar fái góðan tíma til umhugsunar og aðlögunar, þ.e. að þeim gefist tími til að selja fasteign sem þeir keyptu tímabundið annars staðar vegna ástandsins.
- ✓ Skýrt þarf að koma inn á þessi atriði í lögnum áður en þau verða nánar útfærð í reglugerð. Mikilvægt er að bæjarstjórn og bæjarbúar verði höfð með í ráðum hvað þetta varðar.
- ✓ Tvö ár frá gildistöku laganna er fremur skammur frestur eins og bent er á í umsögnum í samráðsgátt. Eðlilegra væri að miða upphaf þessa frests við undirritun samnings um kaup á fasteign eða mögulega 1. júlí 2024, sem er lokafrestur. Ef sá lokafrestur verður lengdur fyrir þá íbúa sem þurfa lengri umbóttunartíma, t.d. til 1. mars 2025, mætti miða forgangsrétt við þá dagsetningu.

² Sjá skýringar við 4. gr. frumvarpsins á bls. 20:

Með kauprétti er í ákvæðinu átt við rétt þeirra sem selja íbúðarhúsnæði samkvæmt heimildum greinarinnar til að óska eftir kaupum á fasteigninni án almennrar auglýsingar, bæði að eigin frumkvæði og að frumkvæði þess sem fer með eignarhaldið.

Með forkaupsrétti er átt við rétt þeirra sem selja íbúðarhúsnæði samkvæmt heimildum greinarinnar til að ganga inn í áformaða sölu þess. Forkaupsréttur gildir við fyrstu sölu og er boðinn fyrrum eigendum skriflega með hæfilegum fresti til að gangast við tilboðinu.

Með leigurétti er átt við forgangsrétt þeirra sem selja íbúðarhúsnæði samkvæmt heimildum greinarinnar til að taka húsnæðið á leigu, enda sé það metið hæft til dvalar. Miðað er við að umrædd forgangsréttindi verði bundin við þá einstaklinga sem selja húsnæðið. Þau verða þannig ekki framseljanleg en gætu erfst til skylduerfingja.



GRINDAVÍKURBÆR

- ✓ Að mati bæjarstjórnar er tveggja ára forgangsréttur of knappur tími, enda óljóst hvernig ástandið verður í Grindavík næstu tvö árin. Jarðhræringarnar í Grindavík og nágrenni gætu varað í þrjár vikur, þrjá mánuði, þrjú ár eða þrjá áratugi. Að mati bæjarstjórnar er mikilvægt að öryggi bæjarbúa sé tryggt og að tímamörkin á forgangsréttinum miðist við ákveðinn tíma að atburðinum loknum, t.d. 12-24 mánuðum eftir lok jarðhræringanna í Grindavík.
- ✓ Bæjarstjórn fagnar því að í bráðabirgðaákvæði er nú kveðið á um að ákvæði laganna um forgangsrétt skuli endurskoðuð innan tveggja ára frá gildistöku laganna. Bæjarstjórn mælir þó með því, til að auka fyrirsjáanleika, að þessi endurskoðun fari fram innan árs, sérstaklega ef náttúruhamförum verður þá lokið.

Bæjarstjórn mælist til þess að sú meginregla verði skrifuð inn í frumvarpstextann og áréttuð frekar í skýringum við frumvarpið, að í forgangsrétti felist að eignausýslufélagið bjóði Grindvíkingum eignirnar að nýju til sölu eða leigu með gegnsæjum og almennum hætti.

Eignarhald og eftirlit með eigin fasteign í Grindavík

Íbúar sem ekki vilja selja eignir sínar og vilja viðhalda þeim sjálfir en fá ekki að búa þar eiga að fá greitt brunabótamatsvirði að sama hlutfalli og þeir eigendur fasteigna sem kjósa að láta kaupa sig út úr sínu húsnæði. Eignausýslufélagið tekur veð í eigninni að sömu fjárhæð og greidd er út ásamt því að taka yfir lán sem eru á fasteigninni. Réttast við þá yfirfærslu er að lánastofnanir afskrifi hlutfall af lánnum sem eru á fasteignunum. Það getur ekki talist sanngjarnt að eigandi veðs verði ekki fyrir neinum skakkaföllum í þessum áföllum sem íbúar Grindavíkur og landsmenn allir eru að verða fyrir.

Veðskuldabréfið yrði vaxtalaust í allt að þrjú ár og ef jarðhræringar standa enn yfir að þremur árum liðnum þá yfirtekur félagið eignina og fellir niður skuldabréfið á eiganda fasteignarinnar. Verði hinsvegar hægt að búa í Grindavík innan þriggja ára og hættustigi afslýst vegna náttúruhamfara, þá fari fram óháð verðmat tveggja fasteignasala á eigninni ef eigandi hennar ætlar heim. Þá er meðaltalsverð eignarinnar fundið og veðskuldabréfið færi í það verðmat sem kemur út úr því. Eigandi eignarinnar þarf þá að gera upp við félagið og taka lán hjá lánastofnun í þeim tilfellum sem þess þarf.

Með þessu fær eigandi húsnæðisins eigið fé úr núverandi fasteign til þess að geta fjárfest í öðru húsnæði á meðan ástandið varir í Grindavík og getur þá greitt af lánnum sem fylgir þeim kaupum ásamt því að viðhalda sinni núverandi eign. Einnig eru þá meiri líkur á að sveitarfélagið Grindavík verði það sem það var fyrir þessa atburði og fólkið geti komið heim til sín aftur, þ.e. það fólk sem kýs að koma aftur. Uppbygging mun taka tíma en þetta er ein leið til þess að hjálpa til við þá uppbyggingu.



GRINDAVÍKURBÆR

Mikilvægt er að ríkisstjórnin upplýsi tímanlega um mikilvægar forsendur sem skipt geta íbúa máli varðandi það hvort þeir nýti sér þetta tækifæri til að selja íbúðir sínar í Grindavík. Þar má einkum nefna eftirfarandi:

- ✓ hvort áframhaldandi leigustyrkir verði í boði fyrir þá íbúa sem vilja halda í húsnæði sitt í Grindavík í von um að snúa aftur sem fyrst
- ✓ hvernig ríkisstjórnin hyggst styðja við þá einstaklinga og fyrirtæki sem enn eiga verðmæti í Grindavík og hvernig hægt sé að leysa úr þeirra vanda. Í flestum tilvikum eru þessar eignir ónothæfar við núverandi aðstæður, ekki síst ef áfram verða í gildi strangar takmarkanir um dvöl og starfsemi í Grindavík.

Aðrar ábendingar

Um 6. gr.

Í 6. gr. er kveðið á um að eignaumsýslufélagið verði undanþegið sköttum og gjöldum, vegna þeirra fasteigna sem keyptar eru á grundvelli laga þessara, þar til þeim hefur verið komið í almenna nýtingu á ný með leigu eða sölu. Þar á meðal eru fasteignagjöld.

Tilfni kann að vera til umræðu um frumvarpsákvæðið í tengslum við heildstæða skoðun á því hvaða áhrif ákvæðið hafi á rekstrargrundvöll Grindavíkurbæjar til framtíðar lítið. Sveitarfélagið getur þurft sértækan fjárhagsstuðning vegna þess tekjufalls sem það mun verða fyrir af völdum náttúruhamfara.

Jafnframt getur það talist óskynsamlegt út frá jafnræðissjónarmiðum að undanþága frá fasteignagjöldum verði einungis bundin við einn eiganda fasteigna og getur löggjafinn þurft að taka afstöðu til þess hvort sama undanþága gildi einnig gagnvart öðrum eigendum íbúðarhúsnæðis í Grindavík.

- ✓ Hér er tilfni til að minna á að Alþingi samþykkti nýlega lög sem heimila bæjarstjórn Grindavíkurbæjar að falla frá álagningu fasteignaskatts, í heild eða að hluta, á árinu 2024 vegna óvissu af völdum náttúruhamfara sem ógna öryggi íbúa sveitarfélagsins. Mögulega getur þurft að endurskoða gildistíma þeirra laga til samræmis við fyrrgreint ákvæði í 6. gr. frv.

Um 7. gr.

Drög að reglugerðum sem heimilt verður að setja um framkvæmd laganna þyrftu að liggja fyrir sem fyrst og hljóta vandaða kynningu og samráð.

- ✓ Í reglugerð þarf að taka tillit til ábendinga sem komið hafa fram í umsögnum, m.a. varðandi í hvaða ástandi þurfi að afhenda íbúðarhúsnæði og hve langan tíma eigendur fái til að tæma eignirnar.
- ✓ Einnig þarf að liggja fyrir útfærsla um tengsl íbúa við þær eignir sem þeir ákveða að selja á meðan forgangsréttur að eignunum er í gildi. Hér er t.d. átt við möguleika bæjarbúa til að huga að almennri umhirðu húsnæðis og lóða eftir uppkaupin.



GRINDAVÍKURBÆR

Um 8. gr.

Tilfni er til ákveðinna efasemda um að í 8. gr. frv. er gert ráð fyrir því að ágreiningi vegna framkvæmdar laganna verði vísað til úrskurðarnefndar sem starfar á grundvelli laga nr. 55/1992 um Náttúruhamfaratryggingu Íslands. Líklegt er að sú nefnd muni hafa næg verkefni vegna ágreinings um uppgjör tjónamála í Grindavík og væri eðlilegra að gera ráð fyrir sérstakri úrskurðarnefnd á grundvelli þessara laga.

Lokaorð

Grindavík var fyrir 10. nóvember vel rekið og fjárhagslega vel statt sveitarfélag með á fjórða þúsund íbúa og öflugt atvinnulíf sem skilaði miklum verðmætum fyrir þjóðarbúið.

Núna eru íbúar í sárum eftir náttúruhamfarir síðast liðinna mánaða sem erfitt er að berjast við. Við íbúar Grindavíkur höfum tekist á við margt saman og verið samheldin þegar eitthvað á bjátar og gerum við enn. Sárin munu gróa og það munu koma góðir tímar aftur fyrir Grindvíkinga.

Markmið lagafrumvarpsins og annarra aðgerða í þágu Grindvíkinga mega ekki leiða til þess að Grindavík verði gefin upp á bátinn þrátt fyrir að eiga við ofurefli að etja þessa stundina. Það þarf að vera hvati til að snúa aftur heim í Grindavík og lögin eiga að endurspegla það.

Það þarf að hlusta á sanngjarnar óskir Grindvíkinga sem koma fram í samráðsgátt um frumvarpið og áherslur bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn fagnar að öðru leyti efni þessa frumvarps, enda er það mikilvægt skref í rétta átt. Jafnframt þakkar bæjarstjórn ríkisstjórninni og þingmönnum fyrir þann stuðning sem þau hafa sýnt íbúum Grindavíkur í yfirstandandi náttúruhamförum.

Bæjarstjórn vill að lokum árétta að sá mikli hraði sem hefur verið á undirbúningi frumvarpsins hefur torvelað bæjarstjórn að koma sínum sjónarmiðum að um efni frumvarpsins og útfærslu. Það hlýtur að vera krafa bæjarstjórnar og bæjarbúa að við umfjöllun um málið á Alþingi verði bætt úr þessum annmarka á meðferð málsins. Bæjarfulltrúar eru reiðubúnir til að aðstoða við breytingar á frumvarpi þessu og áskilja sér jafnframt rétt til að koma að frekari ábendingum um frumvarpið við meðferð málsins á Alþingi.

Samhljóða samþykkt á vinnufundi bæjarstjórnar

15. febrúar 2024